

1. tölublað 18. árgangur 1996

Fermingarblað Vífils



Fermingarbörn í Garða- og Vídalínskirkju 1996

Hátíðarhöld sumardagsins fyrsta í Garðabæ

Útlífs- og ævintýranámskeið Vífils í 8. sinn



Við byggjum öll upp fyrir börnin okkar.

TRAUSTUR BANKI TEKUR VEL Á MÓTI ÞÉR



GÓÐUR GRANNI
BÚNAÐARBANKINN

GARÐATORGI 5 - SÍMI 565 6600

Kæru Garðbæingar

Fermingarblað Vífils kemur nú út í **átjánd**a skipti og er því fyrir löngu orðið að föstum lið í starfi félagsins og í lífi bæjarbúa.

Aðalmarkmið blaðsins er að kynna þá þjónustu sem við skátarnir í Garðabæ bjóðum, þá daga sem fermt er í Garðakirkju og Víðalinskirkju. Í blaðinu eru listar yfir þau fermingarborn sem fermast í þessum tveimur kirkjum, svo og fréttir af skátastarfinu hér í Garðabæ.

Bæjarbúar geta því sent skátaskeyti til fermingarbarna eða jafnvel foreldra þeirra og óskað þeim til hamingju með daginn.

Skátaskeytasalan hefur verið aðalfjáröflun Vífils undanfarin ár og hefur stuðningur bæjarbúa vegið

þar þungt á metum.

Af helstu skátafréttunum í ár er fyrst að nefna Landsmót íslenskra skáta, sem haldið verður á Úlfjótuvatni nú í sumar.

Í sumar verða svo hin geysivinsælu Útilífs- og ævintýranámskeið Vífils, haldin í áttunda skiptið.

Skátastarf í Garðabæ hefur verið mjög öflugt undanfarin ár og með því að senda skátaskeyti styrkið þið kröftugt og þroskandi félagsstarf um leið og þið sendið fallega kveðju til fermingar-barnanna.

Nafnalistarnir í blaðinu eru eins og þeir lágu fyrir þegar blaðið fór í prentun. Hugsanlegt er að breytingar hafi orðið frá þeim tíma. Það er von okkar að við munum



eiga jafn ánægjulegt og gott samstarf við bæjarbúa, eins og undanfarin ár.

Að sjálfsögðu vonumst við svo til að sjá ykkur sem flest þann 25. apríl næstkomandi, en þá mun Skátafélagið Vífill sjá um hátíðarhöldin í tilefni sumardagsins fyrsta.

Við í Vífli viljum vekja sérstaka athygli bæjarbúa á því að hátíðarhöldin á sumardaginn fyrsta færast nú yfir svæði nýja Hofsstadaskólans.

**Skátakveðja,
Björn Hilmarrsson,
ritstjóri.**



Útgefandi:
Skátafélagið Vífill
Hraunhólum 12.

Ábyrgðarmaður:
Þór Ingólfsson

Ritstjórn:
Björn Hilmarrsson
Helgi Grimsson
Ingibjörg Guðmundsdóttir

Myndir:
Helgi Grimsson
Ingibjörg Guðmundsdóttir
Karl Rúnar Þórsson
ásamt myndum úr myndasafni Vífils

Sumardagurinn fyrsti, 25. apríl

Hefðbundin hátíðarhöld á nýjum stað!

Afmælisdagur Vífils

Sumardagurinn fyrsti er eins og allir Garðbæingar vita í umsjá Skátafélagsins Vífils í Garðabæ. Sterk hefð hefur myndast um þennan dag en nú er lag að breyta út af venjunni. Garðabær er bær í blóma og nauðsynlegt að fagna blómunum þar sem þau helst spretta. Að sjálfsögðu verður þess minnst að skátafélagið er 29 ára á sumardaginn fyrsta.

Skátamessa í Garðakirkju

Dagurinn hefst með fánaathöfn við Garðakirkju laust fyrir klukkan 11 og hefst svo skátaguðspjónusta í kirkjunni strax á eftir.

Þar verða nýir skátar vígðir inn í félagið við hátíðlega athöfn og veittar verða viðurkenningar fyrir góð störf.

Skrúðganga með nýju sniði

Skrúðgangan hefst svo eins og venja er klukkan 14.

Að þessu sinni verður gengið frá Vídalínskirkju, niður Hofstaðabraut, eftir Bæjarbraut að Hofstaðaskóla.

Skátaforingjar úr Vífli munu sjá



um fánaborg í skrúðgöngunni og sér Lúðrasveit Garðabæjar um göngutaktinn og hressan undirleik.

Dagskrá við Hofstaðaskóla

Við Hofstaðaskóla mun Lúðrasveitin leika nokkur lög og að því loknu hefst skemmtidagskrá þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi, t.d. þrautbraut, leiktæki, söngur og skemmtiatriði.

Skátakaffi og kökur

Hofstaðaskóli verður opin og hið viðfræga skátatertuhlaðborð Vífils öðlast nýjan svip í nýjum húsa-

kynnum. Kaffisalan verður í samkomusal skólans og uppi á sviði verða létt skemmtiatriði.

Við hvetjum alla Garðbæinga að koma í skátakaffið með fjölskyldur sínar.

Eldri skátar fjölmennið!

Sérstaklega viljum við bjóða alla eldri skáta úr Vífli og öðrum skátafélögum velkomna.

Hvernig væri nú að fjölmenna og rifja upp góðu gömlu dagana....

Hátíðardagskrá Vífils á sumardaginn fyrsta

25. apríl næst komandi:

Skátamessa í Garðakirkju.

Skrúðganga kl. 14 frá Vídalínskirkju.

Kaffisala, þrautir og skemmtun við Hofstaðaskóla.

Sjáumst í sumarskapi!



Skandia
í stöðugri sókn

Laugavegi 170

**PIZZA
PIZZA**

T I L B O ð

Ef þú kaupir stóra Domino's pizzu og stóran skammt af brauð-
stöngum - sækir pizzuna, þá færðu aðra stóra pizzu fría. Þú getur líka hringt
og pantað, komið eftir ca. hálf tíma og fengið aðra pizzu fría. Það tryggir að þú
þurfir ekki að biða.



**DOMINO'S
PIZZA**

GRENSÁSVEGI 11 · HÖFÐABAKKA 1 · GARÐATORGI 7 · SÍMI 58-12345



UK-17

UNGLINGAKLÚBBUR
ÍSLANDBANKA

ÍSLANDBANKI
GARÐABÆ

Garðatorgi 7 Sími: 565-8000



GÓÐ ÍPRÓTT ER GULLI BETRI

Íþróttamiðstöðin Ásgarður - Garðabæ

Íþróttamiðstöðin er miðstöð heilsuræktar. Starfsfólk stöðvarinnar býður Garðabæinga og gesti velkomna og mun kappkosta að veita góða þjónustu. Þú getur hvort heldur valið um að æfa í skipulögðu starfi íþróttafélags eða að setja saman þína eigin æfingaáætlun.

Við íþróttamiðstöðina er glæsileg sundlaug, barnalaug og heitir pottar. Stórir og litlir æfingasalir, upphitunarsalur og þreksalur. Úti eru svo gervigrasvöllur, malarvöllur og grasvöllur.

**Það er aldrei of seint að byrja.
Hafðu samband og kynntu þér starfsemi okkar.**

Íþróttamiðstöðin Ásgarður Garðabæ - Sími 5658066



Jamboree í Hollandi

Alheimsmót skáta - þvilík upplifun !

25 þúsund skátar !

Þegar ég ákvað að fara á Jamboree vissi ég ekki alveg hvað ég var að fara út í fyrst. Ég hugsaði að þar yrðu margir skáta, en að það væru 25000 skáta frá 120 þjóðlöndum, því átti ég ekki von á.

Undirbúningurinn hófst strax í byrjun september.

Við vorum 40 saman í hverri sveit, þar af 15 úr skátafélaginu Vífli.

Loks lagt af stað

Ferðin hófst á Bandalagi íslenskra skáta kl. 4 miðvikudagsmorguninn 26. júlí. Þar var stigið upp í rútu og brunað til Keflavíkur.

Þar voru fréttamenn frá sjónvarpinu og fleiri fjölmiðlum samkomnir til að kveðja mannskapinn.

Frá Lúxemburg var stefnan tekin til Wolfsburgar í Þýskalandi. Þar tóku þýskir skátar á móti okkur en hjá þeim ætluðum við að vera í 6 daga fram að mótinu sjálfu.

Í Wolfsburg var margt að sjá. Okkur var boðið í Volkswagen verksmiðjurnar en það er stolt borgarinnar.

Borgarstjórinn bauð okkur í móttökur, öll borgin var meðvituð um hver við vorum og hvert við

ætluðum að fara.

Keyrt var aðfaranótt þriðjudagsins 1. ágúst á mótisstaðinn og var tjaldbúðum slegið upp og hafist handa við að kynnst umhverfinu.

Mótið sett

Á þriðjudeginum var síðan mótissetning í 40° hita. Það er hreinlega ekki hægt að lýsa stemmninguni sem ríkti við setninguna. Það voru dans- og söngatriði á sviðum.

Beatrix drottning Hollands ávarpaði samkomuna og allir sungu og skemmtu sér stórkostlega.

Ótrúleg dagskrá

Það var dagskrá alla daga og langt fram eftir kvöldi. Hægt var að velja um þjóddansa, fallhlífastökk, flug, klifur, köfun, leikhúsmálun, siglingar, umræðufundi um frið eða umhverfið og fleira og fleira

Á kvöldin voru kvöldvökur, dansleikir eða annað sem gleður. Boðið var upp á að almenningur kæmi og skoðaði sig um og var stundum svo þröngt á götunum að erfitt gat verið að komast milli staða gangandi. En það var eini möguleikinn fyrir skátana að ganga

milli staða, en sveitarfóringjar gátu hjólað, sem var minnsta mál vegna þess að allt umhverfið var marflatt, enda mótsvæðið fyrrum hafsbötn. Dvöl okkar lauk síðan í Belgíu hjá skátafjölskyldum sem tóku okkur inn á heimili sín í nokkrar nætur fyrir heimferð. Það reyndist vera mjög fróðlegt og skemmtilegt að kynnst heimilslífi Belga.

Eftir þessa ferð komum við öll filefð til baka tilbúin að takast á við skátaverkefnið okkar full af nýjum hugmyndum og fróðleik frá ólíkum skátum um heim allan.

Ingibjörg Guðmundsdóttir



Stjórn Vífils skipa

Félagsforingi

Helgi Grimsson

Aðst. félagsforingi

Ingibjörg Guðmundsdóttir

Ritari

Holger Torp

Gjaldkeri

Þór Ingólfsson

Meðstjórnendur

Hrafnhildur Odda Sturludóttir

Margrét Tómasdóttir

Unnur Magnúsdóttir





Síðumúla 15
Sími 553-3070



Ásgarði
Sími 565-8050



ALHLIÐA TÖLVUÞJÓNUSTA
IBM AS/400 og PC-hugbúnaður
S:568-2288

Garðatorg



Fyrirtækja- og þjónustumiðstöð



HÚSASMÍÐJAN

Súðarvogi 3-5 Sími: 68 77 00
Skútuvogi 16 Sími: 68 77 10
Helluhrauni 16 Sími: 65 01 00

TIL GÓDS VINAR LIGGJA GAGNVEGIR
OG
BANKINN ÞINN
LANDSBANKI ÍSLANDS
LIGGUR
UM ÞJÓÐBRAUT ÞVERA

Viðtækt útibúanet Landsbankans sýnir
að hann starfar á meðal fólksins.

Í næsta nágrenni eru útibú Landsbankans í
Kópavogi s. 5643066,
Breiðholti s. 5606030
og Hafnarfirði s. 553933.
Afgreiðslutími mánudaga - föstudaga frá kl.
9:15 til 16:00.



Skátaskeytaúrvalið er fjölbreytt



1. Bessastaðagluggi



2. Varðeldur



3. Frá Úlfjótuvatni




4. Fljúgandi svanir



5. Jöklasýn



6. Freskuskeyti



Mappa utan um skeytin
Öll skeyti eru send
út í svona möppu

Pantið skátaskeytin í sínum

565-8989 og 565-8820.

Einnig er hægt að koma í

Skátaheimilið Vífilsfell að Hraunhólum 12.

Minum á að eingöngu er hægt að greiða símapantanir með greiðslukortum!

Hvernig sendir þú skátaskeytin ?

Tekið er á móti pöntunum í Skátaheimilinu Vífilsfelli, sem er að **Hraunhólum 12 í Garðabæ**. Athugið að móttaka skeytapantana er **opin milli klukkan 10 til 17**. Þá er einnig hægt að hringja í síma **565-8989 og 565-8820** og panta skeyti.

Ef pantað er í gegnum síma, verður að greiða með greiðslukorti og er nægilegt að gefa upp greiðslukortanúmer og gildistíma.

Verð á skeytum er:
Vélrituð skeyti kr. 450.
Skrautrituð skeyti kr. 800.

Skeytin eru svo afhent í skrautprentuðum umslögum sem eru með áletruninni: *Hjartanlegar hamingjuóskir á ferlingardaginn.*

**Skátakveðja,
Skeytanefndin.**

Fermingar í Garða- og Vídalínskirkju 1996

Vídalínskirkja 31. mars kl. 10.30

Stúlkur	
101	Áróra Sólveig Ragnarsdóttir Sjávargrund 14 A
102	Bryndís Ólafsdóttir Þrastarlundi 10
103	Ester Sif Harðardóttir Löngumýri 33
104	Guðrún Anný Hálfánardóttir Bæjargili 62
105	Guðrún Viðarsdóttir Brekkubyggð 42
106	Hrund Kolbeinsdóttir Kjarrmóum 40
107	Inga Rún Grétarsdóttir Eskiholti 9
108	Jónína Soffía Tryggvadóttir Móaflöt 59
109	Karen Viðisdóttir Bæjargili 47
110	Laufey Hlin Þórðardóttir Brekkubyggð 46
111	Margrét Elíasdóttir Kirkjulundi 4
112	Steinunn Ósk Geirsdóttir Löngumýri 2
113	Sunneva Kristjánsdóttir Sunnuflöt 9
114	Tinna Yr Ásbjörnsdóttir Kögunarhæð 3
115	Þórunn Ása Þórisdóttir Löngumýri 51
Drengir	
116	Andri Traustason Skógarlundi 7
117	Baldvin Örn Einarsson Bæjargili 61
118	Davíð Björnsson Holtsbúð 34
119	Daniel Snæbjörnsson Kjarrmóum 50
120	Egill Arnar Sigurþórsson Bæjargili 50
121	Eiríkur Lindal Steinþórsson Viðilundi 7
122	Guðmundur Már Kristjánsson Melási 4
123	Gunnar Hrafn Gunnarsson Hlíðarbyggð 24
124	Gunnar Sigurbjörnsson Lyngmóum 9
125	Gunnlaugur Garðarsson Hórgartúni 17
126	Haukur Guðjónsson Holtsbúð 77
127	Jón Bjarni Pétursson Ásbúð 84
128	Jón Björn Arnason Ásbúð 73
129	Jónas Kristinn Guðbrandsson Hrísmóum 9
130	Jóhann Sigurðsson Haukanesi 6
131	Jóhannes Már Gylfason Löngumýri 17
132	Jóhann Örn Jóhannsson Sunnuflöt 13
133	Kristján Ljótsson Markarflöt 13
134	Logi Guðjónsson Dalsbyggð 13
135	Óskar Bergmann Tómasson Markarflöt 30
136	Pétur Ágúst Steindórsson Lyngmóum 8
137	Sverrir Ingi Óskarsson Brekkubyggð 38
138	Tryggvi Björgvinsson Hofslundi 15
139	Úlfar Snæbjörn Magnússon Lundarbr. 10, Kóp
140	Órvar Þorri Rafnsson Stekkjarflöt 20

Vídalínskirkja 31. mars kl. 14.00

Stúlkur	
141	Auður Bjarnadóttir Þrastarlundi 3
142	Árdis Yr Pétursdóttir Ásbúð 72
143	Ásdis Blöndal Urðarhæð 12
144	Dagbjört Gunnarsdóttir Hraunhólum 11
145	Edda Úlfadóttir Bergmann Hvammabr. 8,Hf
146	Guðbjörg Birna Björnsdóttir Markarflöt 47
147	Helga Kristín Másdóttir Kjarrmóum 1
148	Hjórdís Eva Þórðardóttir Ásbúð 29
149	Íris Ósk Laxdal Ásbúð 80
150	Jóhanna Margrét Þorsteinsdóttir Bæjargili 122
151	Kristjana Kristjánsdóttir Hæðarbyggð 12
152	Lilja Kjalarsdóttir Ásbúð 19
153	Linda Björk Birgisdóttir Bæjargili 114
154	Maren Kjartansdóttir Hellisgötu 16,Hf
155	Sigrún Birgisdóttir Hlíðarbyggð 4
156	Sigrún Lindal Pétursdóttir Ásbúð 44
157	Tinna Valbjörnsdóttir Ægisgrund 10
158	Þórdís Schram Haukanesi 24
Drengir	
159	Arnar Smári Brynjarsson Skógarhæð 3
160	Ágúst Ingi Atlason Löngumýri 26
161	Árni Stefán Ásgeirsson Hrísmóum 4
162	Árni Valur Kristinsson Kjarrmóum 46
163	Baldur Malmberg Hrísmóum 2'b
164	Birkir Snær Einarsson Kjarrmóum 35
165	Bjarki Hallbergsson Hrísmóum 7
166	Daniel Bjarni Ingólfsson Godatúni 21
167	Daniel Fannar Jónsson Hvannalundi 15
168	Hákon Ævar Svanþórsson Holtsbúð 67
169	Hörður Logi Hafsteinsson Fifumýri 9
170	Skúli Gestsson Fifumýri 11
171	Stefán Sigurkarlsson Smáraflöt 36
172	Vilhjálmur Ingi Halldórsson Háholti 8

Garðbæingar sem fermast í Bessastaðakirkju 4. apríl

Stúlkur	
180	Berglind Ósk Birgisdóttir Löngumýri 3
181	Dóra Birna Sigurjónsdóttir Hórgslundi 5
182	Hrafnhildur Sigurðardóttir Krókamýri 12

Drengir	
183	Sigurður Gunnar Hjartarson Holtsbúð 55

Athugið að þegar þessi fermingarborn úr Garðabæ verða fermd í Bessastaðakirkju, þann 4. apríl, eru ekki fermingar í Garðbæ.

Pantanir til þeirra þurfa því að berast 31. mars !

Pantið í sínum
565-8989
og 565-8820

Garðakirkja 8.apríl kl. 14.00

Stúlkur	
201	Arndis Vilhjálmsdóttir Marargrund 5
202	Albina Hulda Pálsdóttir Bæjargili 91
203	Brynhildur Hlin Eggertsd. Sléttahr. 24, Hf.
204	Bylgja Ægisdóttir Hvannalundi 3
205	Elfa Björk Erlingsdóttir Lynghæð 1
206	Ellen Sverrisdóttir Hrísmóum 13
207	Helga Hansdóttir Marargrund 12
208	Karen Yr Lárusdóttir Kriunesi 1
209	Maria Björg Ágústsdóttir Holtsbúð 44
210	Silja Þorbjörnsdóttir Móaflöt 31
211	Theódóra Hannesdóttir Hrísmóum 13
212	Tinna Guðjónsdóttir Holtsbúð 1
213	Þórunn Arnadóttir Sigurhæð 3
Drengir	
214	Benedikt Þórður Jakobsson Hliðsnes, Álftan.
215	Björn Erlingur Björnsson Mávanesi 2
216	Gunnar Þór Bergsson Lyngmóum 1
217	Hafliði Helgi Hafliðason Lækjarfit 8
218	Heimir Danielsson Hagaföt 6
219	Jón Þór Sigurðsson Eskiholti 15 ?
220	Óli Gunnar Hákansson Þrastarlundi 20
221	Pétur Daði Ólafsson Goðatúni 17
222	Stefnir Guðmundsson Krókamýri 4
223	Steinar Ingi Farestveit Engimýri 3
224	Svanur Karlsson Löngufit 10
225	Trausti Ingvason Faxatúni 8

Vidalínskirkja 14. aprílkl. 10.30

Stúlkur	
301	Alexandra Kjeld Dalsbyggð 19
302	Arna Kristin Gísladóttir Bæjargili 88
303	Camilla Þóra Þórsdóttir Bogahlíð 8, Rvk
304	Diana Dögg Sæmundsdóttir Eskiholti 5
305	Eyrún Valsdóttir Breiðási 5
306	Inga Dröfn Wessman Hrísmóum 1
307	Jóna Margrét Jóhannsdóttir Bæjargili 92
308	Jórunn Jónsdóttir Engimýri 15
309	Kristin Valgerður Ellertsdóttir Engimýri 13
310	Maria Björk Guðmundsdóttir Eskiholti 4
311	Marianna Finnbogadóttir Eskiholti 14
312	Rakel Guðmundsdóttir Hraunhólum 8
313	Signý Rún Björgvinsdóttir Lyngmóum 6
314	Sunneva Torp Faxatúni 11
315	Unnur Andrea Einarsdóttir Sunnuflöt 20
316	Yrsa Þöll Gylfadóttir Fífumýri 15
317	Þórunn Helga Felixdóttir Kjarmóum 17
318	Þórey Ósk Smáradóttir Nónhæð 4
Drengir	
319	Bjarki Björnsson Laufási 3
320	Guðfinnur Kristinn Gíslason Bæjargili 3
321	Halldór Guðmundsson Bæjargili 32
322	Henning Þór Hauksson Lyngási 6
323	Herjólfur Hrafn Matthíasson Hæðarbyggð 27
324	Ingvar Helgi Kristinsson Löngumýri 22 c
325	Margeir Valur Sigurðsson Smáraflöt 39
326	Ómar Ingason Marargrund 7
327	Pétur Pétursson Holtsbúð 99
328	Sigurjón Ragnar Viðarsson Bæjargili 5
329	Sindri Már Pálsson Asbúð 65
330	Stefán Guðmundsson Hofslundi 10
331	Stefán Sveinsson Lyngási 4
332	Þorsteinn Arnóddur Vilmundar. Krókur II
333	Þorvaldur Óskar Karlsson Bæjargili 87
334	Örn Bárður Arnarsson Furulundi 9
335	Önundur Páll Ragnarsson Háholti 4

Þegar skátaskeyti er pantað er gott að gefa upp raðnúmerið sem er við nafnið. Það flýttir fyrir afgreiðslu hjá okkur.

Munið að afgreiðslan á skátaskeytunum er opin milli klukkan 10 - 17 og við lokum stundvíslega til að koma skeytunum út eins fljótt og auðið er.

Athugið að við tökum á móti skeytum í Hafnarfjörð og Kópavog, þá daga sem fermingar eru í Garðakirkju og Vidalínskirkju.

Garðbæingar !
Gróðrastöðin
Bjarkarlundur
 býður ykkur velkomin

Sumarblóm


Tré
Runnar

GARÐA-

Mold

Maxicrop[®]
Hraustari
plöntur

Hörgatúni 25 Sími 565-8722
 Ný aðkeyrsla frá Bæjarbraut !



Heyróu!
 mudi á tónleika
 hóstar frá
 900 kr.

KOMDU OG NJÓTTU ÞEIRRA

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
 HÁSKÓLABÍÓ VIÐ HAGATORG · SÍMI 562 2255

SB

Húsgagna-
klæðningar

Gæði fyrst og fremst !

Sveinn bólstari

lónbúð 5, Garðabæ
 Sími : 565 -7322



Fermingarskreytingar
 Fermingarkerti og servíettur
 Páskaskreytingar
 Skreytingar við öll tækifæri
 Hjá okkur starfar fagfólk !
Garðablóm Garðatorgi
S:5656722

Opið til kl. 21 öll kvöld og til 22 um helgar.

Útilífs- og ævintýranámskeið Vífils haldið í áttunda sinn!

Heillandi valmöguleiki fyrir hressa krakka í júní - ágúst!



Útilífs- og ævintýra- námskeið haldin í 8. sinn!

Útilífs- og ævintýranámskeiðin eru skemmtileg námskeið sem Skátafélagið Vífill hefur haldið í samvinnu við Íþrótt- og tómstundaráð sjö undanfarin sumur.

Dagskrá byggð á reynslu!

Í sumar verða haldin námskeið fyrir aldurshópana 8 - 10 ára og 11 - 13 ára. Þátttakendum verður skipt upp í flokka eftir aldri og getu, en flokkarnir munu starfa saman allt námskeiðið. Í slíku starfi læra börnin að vinna sameiginlega að lausn verkefna og meta að verðleikum mismunandi hæfileika fólks. Námskeiðin eru byggð upp á útiveru, ferðum, þrautum og leikjum.

Spennandi og fræðandi dagskrá

Aðsetur námskeiðanna er í skátaheimilinu Hranhólum 12 en þaðan er á hverjum degi farið í stuttar ferðir umhverfis Garðabæ. Farið verður í hellaferð, fjöruferð, fjallgöngu, hjólaferð og

kynnisferðir. Á námskeiðinu læra þátttakendur sitthvað um skyndihjálp, ferðamennsku, áttavita og náttúru landsins, svo fátt eitt sé nefnt.

Hápunktur er útilega í lokin

Hápunktur hvers námskeiðs er síðan tjaldútilega í Heiðmörk. Í útilegunni verður grillað, haldin kvöldvaka og farið í póstaleiki. Í stuttu máli er gert flest það sem tilheyrir alvöru skátaútilegum, enda er útilíf og útilegur sérgrein okkar skátanna.

Fjörnámskeið fyrir 11-13 ára

Í byrjun ágúst verður haldið fjörnámskeið fyrir krakka 11-13 ára þar sem farið er í meira krefjandi verkefni og megin áhersla lögð á útilíf.

Takmarkaður fjöldi er á hvert námskeið því við leggjum metnað í að sinna öllum þátttakendum sem best.

Skráning á Útilífs og ævintýranámskeið Vífils verður á sama stað og tíma og skráning í íþrótt og leikjanámskeiðs Garðabæjar.

Auk þess er hægt að afla upplýsinga um námskeiðin í skátaheimilinu Vífilsfelli í síma 565-8820.

**SJÁUMST
HRESS
Í
SUMAR
Á
FJÖRUGUM
NÁMSKEIÐUM
HJÁ
VÍFLI !**



Félagsútilegan í Bláfjöllum

Alveg ótrúleg ævintýrahelgi hjá hressum skátum



Árleg félagsútilega

Skátafélagið Vífill hélt í sína árlegu félagsútilegu seinni hluta nóvember í skíðaskála Breiðabliks í Bláfjöllum. Á föstudagskvöldi ræddu skátarnir um hvernig "drauma" skátaheimilið ætti að lita út og hvaða eiginleika hinn fullkomni skátaforingi þyrfti að hafa.

Það er víst óhætt að segja að flestir foringjarnir stóðust þessa gagnrýni með glans.

Eftir notalega og spaugsama kvöldstund var gengið til náða og enn og aftur vöktu skátaflokkurinn þrestir athygli fyrir djarfhug og hreysti enda slógu þeir upp tjöldum og sváfu úti í 10 stiga frosti.

Hellakönnun

Næsta dag fengu skátarnir leiðsögn um Bláfjallahella og er það nokkuð ljóst að skátarnir í Garðabæ eru sannir náttúruvinir og ævintýragarpar og nutu þeir þessa leiðangurs til fullnustu. Eftir að hafa eldað núðlusúpu undir berum himni sem er draumafæða sérhvers skáta, fóru skátarnir í fjallgöngu.

Póstaleikur

Eftir síðdegishressingu fóru skátarnir í póstaleik og þar þurftu þeir meðal annars að sýna færni sína í að brjóta saman fana, binda réttan hnút, lykkjuhnút, fánahnút,

hestahnút, kasta líflínu, meðhöndla "kjarnorkusprengju", leysa dulmálsverkefni, reyna sig í "athygliskimsleik", þekkja og nota fornt tímatal, taka þátt í blástursbolta, balahlaupi, limbó, bakpokaitroðslukappi, þekkja fuglahljóð, 10 lyktartegundir og 10 örnefni í nágrenninu.

Kvölddagskrá

Eftir kvöldmat var svellandi kvöldvaka þar sem allir sungu af miklum krafti og leikin voru leikrit. Í hverri útilegu fylgir svo að fara í spennandi naturleik, þar sem spennið er út frá mikilli ævintýrasögu og síðan eiga skátarnir af fara út og leysa málin. Eftir allt þetta fjör var svo hið sigilda skátakakó og loks lauk svo dagskránni með rólegri og góðri kvöld sögu.

Taka til, taka til...

Á sunnudagsmorgni var ræst klukkan 9 og voru nú sumir þreyttir eftir fjörið frá deginum áður. Skálinn þrífinn hátt og lágt og farið í léttu könnunarferð um hóla og hæðir í Bláfjallasvæðinu.

Það voru sælir en örþreyttir skátar sem sneru til baka til Garðabæjar eftir spennandi félagsútilegu, en höfðu þó kraft til að syngja og tralla á leiðinni heim.



Viltu verða skáti ?

Þá þarftu bara að

hringja í

Skátaheimilið

í síma 565-8820

milli kl. 18 og 20

á mánu-, þriðju- eða

fimmtudögum og fá allar

nánari upplýsingar !

Það er lítið mál að endurnýja bílinn



en það er
aðeins til
eitt eintak af þér

Klessukeyrða bíla er auðvelt að endurnýja.

Það er annað mál með þig.

Ef þú örkumlast í bílslysi, er það fyrir lífstíð.

-Það eru ekki til varahlutir í þig.



lifðu lifinu - aktu hægjar

Hellisbúar

Skátar með sjálfstæðan lífsstíl

Jafningjafræðsla vel þekkt

Í skátasveitinni Hellisbúum er skátar á aldrinum 13 - 14 ára.

Í vetur hafa þeir sýnt og sannað að skátar spjara sig á eigin spýtur. Orðið "jafningjafræðsla" hljómar mjög kunnuglega í eyrum okkar skátanna því við miðlum hverjir öðrum og hjálpumst að.

Læra með þátttöku

Skátar læra af því að gera hlutina í staða þess að lesa um þá í bókum. Í vetur hafa Hellisbúar lært ýmis hagnýt skátastörf og farið í nokkrar ferðir og útilegur.

Það sem stendur þó uppúr er að þeir lagfærðu gamalt og lúíð geymsluloft í skátaheimilinu, einangruðu það allt upp á nýtt og settu panelklæðningu í loftið.

(Það er bara spurning hvenær Hús og



hibýli krefjast þess að komast í málið).

Klifurveggur

Úti í bilskúr settu Hellisbúar upp forlata klifurvegg, þann eina í Garðabæ. Hann er svo flottur að Lilli klifurmús má sín einskis.

Skátar gera sem sagt ýmislegt annað en að hjálpa gömlum konum yfir götur, syngjandi "Ging-gang-gúlli".

Í Garðabæ fá unglingarnir í skátunum tækifæri til þess að móta eigið starf, þó eftir markmiðum skátahreyfingarinnar og reyna á sig í þroskandi félagsskap.

Hellisbúar eru því engir lettingjar. Þeir taka þátt í spennandi skátastarfi undir handleiðslu frábærra foringja.

Ylfingasveitin Furðufuglar

Ekki vantar fjörið á beim bænum !



Mikið starf í vetur

Í vetur hefur verið mikið og fjörgt starf í ylfingasveitinni Furðufuglum. Í henni starfa 15 ylfingar, en ylfingar eru þeir sem ekki hafa enn náð skátaaldri. Frá því haust hafa þeir farið í gönguferðir, fönndrað, sungið og leikið samhliða því að læra sitt hvað í skátafræðunum. Þeir fóru í félagsútileguna og sváfu í eina nótt. Þar var farið í fjallgöngu, eldað úti og rennt sér á skiðasvæðinu.

Núna er verið að undirbúa útilegu í Skorradal og þangað ætla allir ylfingarnir að fara.

Mariuhellar komnir í umsjá Vífils



Mariuhellar í Heiðmörk

Í tilefni náttúruverndarárs Evrópu 1995 fór skátafélagið Vífill í þess á leit við Umhverfismálanefnd Garðabæjar að taka Mariuhella í Heiðmörk í "föstur" næstu tvö ár. Þeirri málaleitan var vel tekið og vorið 1995 hófust skátarnir handa.

Skemmdir og skítugir

Mariuhellar eru hraunhellar og eru þeir steinsnar frá Heiðmerkurvegi. Hellarnir eru sérlega aðgengilegir fólki og mikill fjöldi veit um tilvist þeirra og margir stiga sín fyrstu

spor í hellarannsóknunum í þeim. Þar sem að þekking margra á umgengi í hellum er takmörkuð hefur safnast saman í hellunum ótrúlegt magn af rusli og kertavax hefur skemmt hellana mjög. Hafa þeir því fengið þann vafasama titil að vera "Ógeðslegustu hellar á Íslandi".

Skáti er náttúruvinur

Á þessu vildu skátarnir gera bragarbót, þó aldrei sé hægt að færa í upprunalegt horf það sem þegar er skemmt í hellunum.

Það er ætlunin að gera hellana snyrtilegri en um leið þannig úr garði að fólk geti athafnað sig í þeim samkvæmt hóflegum reglum og án þess að frekari spjöll verði. Á næstu tveimur árum ætla skátarnir í Garðabæ t.d. að hreinsa hellana af rusli, brenna kertavax, setja upp í hellunum leiðbeiningar um umgengi í hellum og upplýsingar um tilurð hraunhella.

Höldum hellunum hreinum

Skátarnir eru rétt að byrja á þessu verkefni því hreinsunin reyndist erfiðari en gert var ráð fyrir. Ætlunin er að klára verkefnið vorið 1997. Það er einlæg von okkar að Garðabæingar og aðrir náttúruunnendur taki þessu framtaki okkar vel og leggi hönd á plóginn. Við verðum að tryggja að Mariuhellar sem eru við bæjardyrnar okkar beri ekki um komandi framtíð þann vafasama titil að vera ógeðslegustu hellar á Íslandi.



Alltaf vantar fleiri hendur !

Vilt þú hjálpa til ?

Þá þarftu bara að

skrá þig hjá

Skátafélaginu Vífli

í síma 565-8820

milli kl. 18 og 20

á mánu-, þriðju- eða

fimmtudögum !



Þjóðhátíðardagurinn 17. júní

Vífill undirbýr næstu þjóðhátíð

17. júní í Garðabæ

Eins og allir Garðbæingar tóku eftir var það Skátafélagið Vífill sem stóð fyrir hátíðahöldunum á 17. júní í Garðabæ.

Til þess að gera dagskrána sem fjölbreyttasta leituðu skátarnir í Vífli til ýmissa félaga og samtaka í bænum. Má þar helst nefna Flugskólann Flugtak, Gólfband Íslands, Hestamannafélagið Andvara, Hjálparveit skáta, Kvenfélag Garðabæjar, Siglingaklúbbinn Vog, Skógræktarfélag Garðabæjar, U.M.F. Stjórnuna, Taflfélag Garðabæjar og Tónlistarskólann.

Börnin nutu sín

Megin árhersla var lögð á gefa ungum Garðbæingum kost á að taka virkan þátt í hátíðahöldunum. Það var gert m.a. með útsýnissiglingu og koddaslag við hafnarvæði Garðabæjar, götu-



körfubolta, viðavangshlaupi, fjöltefli, fjársjóðsleit og gróðursetningu um morguninn.

Eftir hádegi hófust svo hin eiginlegu hátíðarhöld með hátíðarstund í Vídalinskirkju, skrudgöngu, ávarpi fjallkonunnar og tivolistemmingu við Flata- og Garðaskóla.

Síðdegis var boðið upp á margháttaða íþróttadagskrá í Íþróttamiðstöðinni.

Vífill aftur í ár!

Þeir sem vel til þekkja telja að skátarnir í Vífli hafi staðið að hátíðahöldunum með miklum sóma og leitt hin félögin með sér af miklum myndarskap. Við í félaginu erum stolt af því og enn stoltari yfir því að Íþrótt- og tómstundaráð Garðabæjar samþykkti að Vífill leiði einnig hátíðahöldin nú í sumar.

Landsmót skáta í sumar

Taktu frá tíma í sumar fyrir ótrúlega viku á Úlfjótuvatni

Á vikingaslóð

Nú fer að liða að mesta ævintýri sem skátar upplifa á Íslandi, en það er einmitt Landsmót skáta, sem haldið er á þriggja ára fresti.

Landsmótið að þessu sinni fer fram á Úlfjótuvatni seinni hluta júlí mánaðar.

Þema mótsins er þegar ákveðið og verður það "Á vikingaslóð".

Öll dagskrá mótsins tengist vikingatímabilið og má segja að mótið verði ein samfelld vikingahátíð.

Stærsta skátamótið?

Stefnt er að því að þetta landsmót verði það fjölmennasta sem haldið hefur verið á Íslandi og er talað um 3000 þátttakendur innlenda sem erlenda.

Nú þegar hafa tilkynnt sig fleiri erlendir skátar en nokkru sinni fyrr. Ef þú vilt taka þátt í hinni einu sönnu landsmótsstemmingu þá er bara að fara undirbúa þig og þína fjölskyldu fyrir þátttöku í fjölskyldubúðunum.



Vandaðar og nytsamar fermingargjafir

KARRIMOR



BAKPOKAR

Jura 40 l Verð kr. 6.650
Feringartilboð kr. 5.985*

Discovery 55 l Verð kr. 9.990
Feringartilboð kr. 8.990*

Panther 60 l Verð kr. 11.980
Feringartilboð kr. 10.790*

ajungilak.



SVEFNPOKAR

Kompakt-Lite-0° Verð kr. 9.990
Feringartilboð kr. 7.990*

Hafjell -8° Verð kr. 9.390
Feringartilboð kr. 8.450*

Igloo -18° Verð kr. 12.765
Feringartilboð kr. 10.850*



TJÖLD Lichfield

Falcon 150 2 manna Verð kr. 11.990
Feringartilboð kr. 10.791*

Falcon 180 2-3 m. Verð kr. 13.840
Feringartilboð kr. 12.456*

Hawk 180 2-3 m. Verð kr. 16.990
Feringartilboð kr. 15.291*

ROSSIGNOL



SNJÓBRETTI

Tin Man snjóbretti Verð kr. 26.990
Feringartilboð kr. 21.592*

Einnig skíðatöskur frá kr. 1.800, hanskar, hufur, gleraugu og margt, margt fleira.



AUK / SIA 8739-91

*Tilboðsverð miðast við staðgreiðslu.



Raðgreiðslur • Póstsendum samdægurs.
Umboðsmenn um land allt.



Snorrabraut 60 • Sími 561 2045

Verðmæt fermingargjöf

sem vex með fermingarbarninu



Gjafabréf upp á inneign á Bakhjarli Sparisjóðsins er góð og varanleg fermingargjöf sem vex að verðgildi.

Þú kemur til okkar í Sparisjóðnum, stofnar reikning á nafni fermingarbarnsins og leggur fyrsta innlegg á reikninginn.

Fermingarbarninu færir þú síðan fallegt gjafabréf.

Gjafabréfið

Færðu á afgreiðslustöðum Sparisjóðs Hafnarfjarðar Strandgötu 8-10 Reykjavíkurvegi 66 Garðatorgi 1, Garðabæ

Gjafabréf

Stofnúmer: _____
Gjafugæfing: _____
Gjafugæfingardagur: _____
Gjafugæfingardagur: _____
Gjafugæfingardagur: _____

SPARISJÓÐURINN
SPARISJÓÐUR HAFNARFJARÐAR



SPARISJÓÐURINN
SPARISJÓÐUR HAFNARFJARÐAR